

## JAFNLAUNASTEFNA

Stefna Herjólfur er að allir starfsmenn njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar.

Með jöfnum kjörum er átt við að laun séu ákveðin á sama hátt fyrir alla starfsmenn. Þau viðmið sem lögð eru launaákvörðunum til grundvallar skulu ekki fela í sér kynjamismun. Laun eru í 8. Tölul. 2.gr. jafnréttislaga skilgreind sem almennt endurgjald fyrir störf og hvers konar þóknun, bein eða óbein, hvort heldur er með hlunnindagreiðslum eða með öðrum hætti sem atvinnurekandi greiðir starfsmanni sínum fyrir vinnu hans.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni skuldbindur Herjólfur sig til að skjalfesta, starfrækja, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST85 og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar. Herjólfur mun innleiða verklag og skilgreina viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni, kynvitund eða öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Markmið Herjólfur er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir hafi jöfn tækifæri í starfi.

Til þess að ná því markmiði mun fyrirtækið:

- Starfrækja jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85, það skjalfest og því viðhaldið.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem kannað er hvort óútskýrður launamunur hafi myndast.
- Bregðast við frávikum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt á jafnlaunakerfi sem hluta af gæðastjórnunarkerfi Herjólfur.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og staðfesta með úttekt lagalegar skuldbindingar.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Herjólfur og við ráðningu nýrra starfsmanna.
- Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á ytri vef fyrirtækisins.

Samþykkt í framkvæmdastjórn

27.október 2023